



Fundargerð

1365. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
7. apríl 2022 , kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Guðbrandur Einarsson boðaði forföll, Valgerður Björk Pálsdóttir varamaður sat fyrir hann. Jóhann Friðrik Friðriksson boðaði forföll, Díana Hilmarsdóttir sat fyrir hann.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Daggæslumál í Reykjanesbæ (2021050176)

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs og Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir mættu á fundinn. Lagt fram erindi frá 351. fundi fræðsluráðs, 5. mál. Heildarupphæðin vegna þessa aðgerða er kr. 3.500.000.

Bæjarráð samþykkir og vísar í viðauka við fjárhagsáætlun 2022.

2. Öllavöllur - beiðni um færslu fjárheimilda (2022040040)

Lagt fram erindi frá ungmennaráði um færslu fjárheimilda frá ungmennaráði til unglingaráðs kr. 1.000.000.

Bæjarráð heimilar færslu fjárheimilda frá ungmennaráði til unglingaráðs.

3. Stækkun safnaðarheimilis Njarðvírkirkju – niðurfelling byggingarleyfisgjalda (2022030734)

Bæjarráð samþykkir niðurfellinguna til lækkunar á tekjum vegna gagnagerðargjalda á fullgerðum svæðum, deild 10300, enda falli enginn kostnaður á sveitarfélagið. Þinglýsa skal kvöð á umrætt húsnæði um að greiða skuli gatnagerðargjald af því ef notkun húsnæðisins verður breytt.

4. Hólamið – gatnagerðargjöld (2021100060)

Bæjarráð heimilar Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfissviðs að ganga til samninga varðandi skil á lóðunum Hólamið 24, 26 og 28, samanber ákvörðun bæjarráðs frá



7. október sl., og heimilar að gatnagerðargjöld að fjárhæð kr. 72.000.000 verði færð í samræmi við beiðni lóðarhafa.

5. Erindi frá aðalstjórn U.M.F.N vegna knattspyrnudeildar (2022040093)

Hafþór B. Birgisson íþrótta- og tómsfundafulltrúi, Ólafur Eyjólfsson formaður U.M.F.N. og Gunnlaugur Sveinn Hafsteinsson rekstrarstjóri knattspyrnudeildar U.M.F.N. mættu á fundinn.

Lagt fram erindi frá aðalstjórn Ungmennafélags Njarðvíkur um neyðarstyrk að kr. 7.791.847 vegna tekjutaps af völdum Covid-19 árið 2021.

Bæjarráð samþykkir að vísa málinu til íþrótta- og tómsfundaráð til skoðunar.

6. Erindi frá aðalstjórn Keflavíkur vegna knattspyrnudeildar (2022040096)

Hafþór B. Birgisson íþrótta- og tómsfundafulltrúi, Einar Haraldsson formaður Keflavík og Karl Daníel Magnússon framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Keflavíkur mættu á fundinn.

Lagt fram erindi frá aðalstjórn Keflavíkur um neyðarstyrk að kr. 15.000.000 vegna tekjufalls af völdum Covid-19 árið 2021.

Bæjarráð samþykkir að vísa málinu til íþrótta- og tómsfundaráð til skoðunar.

7. Viðmiðunarreglur um framlög til stjórn málaflókka (2022030825)

Kynntar viðmiðunarreglur Sambandi íslenskra sveitarfélaga um framlög til stjórn málaflókka.

8. Endurskoðun Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar (2022030519)

Lögð fram tilboð sem bárust vegna örútboðs um endurskoðun Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar. Kostnaðaráætlun var kr. 4.500.000.

Deloitte ehf.	6.900.000 kr
Enor ehf.	5.850.000 kr
Pricewaterhouse Coopers ehf.	4.900.000 kr

Bæjarráð samþykkir að gengið verði að lægsta tilboðinu.

9. Forkaupsréttur á lóðinni Berghólabraut nr. 9a (2022040110)

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að nýta fyrir hönd sveitarfélagsins forkaupsrétt vegna lóðarinnar Berghólabrautar nr. 9a.

10. Hringrásarhagkerfið (2022021240)

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um átak um Hringrásarhagkerfið.

11. Umsögn vegna rekstrarleyfis – LUX club ehf. Hafnargötu 30 (2021080271)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um leyfi til að reka veitingastað í flokki III með gildistíma til 29.mars 2023. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.



12. Umsögn vegna starfsleyfis – HB ehf. – Bogatröð 33 (2022030313)

Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um leyfi til að reka ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar Bæjarráð hafnar umsókninni með vísan til fyrirbyggjandi umsagnar.

13. Umsagnarmál í samráðsgátt (2022010082)

Innviðaráðuneytið birtir til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna tilfærslu fasteignaskrár frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

[https://samradsgatt.island.is/ollmal/\\$Cases/Details/?id=3189](https://samradsgatt.island.is/ollmal/$Cases/Details/?id=3189)

14. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2022010436)

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um fjarskipti, 461. mál

<https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0666.pdf>

Umsagnarmál lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00